
Fornleifakönnun.

Fossland við Selfoss

Orri Vésteinsson

**Fornleifastofnun Íslands
FS098-99161
Reykjavík 1999**

Efni:

1. INNGANGUR.....	4
2. UM MAT A UMHVERFISAHRIFUM FRAMKVÆMDA A FORNMINJAR	5
3. FYRRI ATHUGANIR OG STAÐHÆTTIR	6
4. FORNLEIFAR A FYRIRHUGUÐU ATHAFNASVÆÐI.....	7
5. NIÐURSTÖÐUR.....	11
6. HEIMILDIR.....	11

Viðauki: Kort af menningarminjum í Fosslandi

1. kafli. *Inngangur*

Í sveitarféluginu Árborg er fyrirhugað að taka undir íbúðarbyggð óraskað svæði sem afmarkast af Selfosstúni að austan, Eyrarvegi að sunnan, Hagalandi að vestan og Ölfusá að norðan. Landspilda þessi hefur nýverið verið seld sveitarféluginu að 27 hundraðshlutum en fyrirtækinu Fossmönnum að 73 hundraðshlutum. Fossmenn fyrirhuga að skipuleggja íbúðabyggð á sínum hluta landsins og Árborg mun hafa lóð undir þjónustu, s.s. leikskóla. Skilin verður eftir 60 m breið ræma meðfram Ölfusá þar sem ekki verður byggt.

Í október 1999 fór Guðmundur Sigurðsson, fyrir hönd Fossmanna, þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún kannaði menningarminjar á svæðinu vegna fyrirhugaðs deiliskipulags. Í þessari skýrslu er greint frá árangri athugunar á fyrrgreindu svæði. Markmið athugunarinnar var að kanna ritaðar heimildir um fornleifar á svæðinu, leita minja á vettvangi og leggja mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda. Við undirbúning rannsóknarinnar voru kort og ritheimildir um menningarminjar á svæðinu athugaðar. Gengið var um svæðið allt í fylgd með Gunnari Gunnarssyni eins eigenda Selfossjarðarinnar en hann hefur búið þar frá fæðingu 1928. Á grundvelli þessa var tekin saman skrá yfir fornleifar á svæðinu og hún skoðuð í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda. Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu FSÍ á nauðsynlegum gögnum við umhverfismat,¹ og greint frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunarinnar, takmörk rannsóknarsvæðis skilgreind, greint frá fyrri fornleifaathugunum á svæðinu, vettvangsrannsóknum lýst, og lagt mat á áhrif framkvæmda.

Vettvangsvinna var gerð 9. nóvember 1999 af Orra Vésteinssyni sem einnig sát um heimildakönnun og frágang skýrslu.

¹ Sbr. Adolf Friðriksson, *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Snæfellsnessvegar um Mávahliðarrif*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997; - Sami: *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Ólafsvíkurvegar og Útnessvegar sunnan Fróðárheiðar*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997. Eftirfarandi kafli um umhverfismat vegna fornleifagæslu er að mestu samhljóða samnefndum köflum í fyrri skýrslum.

2. kaflí. Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á menningarminjar

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breyting á lögum samþykkt 7/5 1994), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ..." Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Í 5. gr. ofangreindra laga eru sérstaklega tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og er vegagerð þar á meðal. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
 - b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
 - c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
 - d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
 - e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
 - f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
 - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
 - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
 - i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
- Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum,

hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við framkvæmd umhverfismats, líkt og gert er við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 21. gr. þjóðminjalaga segir m.a.: “Nú telur... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skyra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum”.

3. kafli. *Fyrri athuganir og staðhættir*

Engin fornleifakönnun hefur farið fram á svæðinu áður. Fornleifaskráning hefur ekki verið gerð í sveitarfélagini Árborg og fornleifarannsóknir hafa ekki verið gerðar í þessum hluta Selfosslands. Voru frumheimildir, s.s. túnakort og örnefnaskrár nú kannaðar í fyrsta skipti og var gerð skrá um fornleifar í landi hinnar fornu Selfossjarðar.

Byggingasvæðið, sem nú er farið að kalla Fossland var allt í landi hinnar fornu Selfossjarðar og var beitiland fyrir kýr og sauðfé langt fram eftir þessari öld.

Svæðið skiptist í þrennt hvað varðar náttúrufar. Nyrst, meðfram Ölfusá, eru harðir vallendisbakkar með hraunstrýtum og standa hraunklappir þar sumstaðar uppúr. Fjær ánni er votlendi, þar er dýpra niður á fast og vatn rennur ekki undan jafnauðveldlega. Þannig er votlendisgeiri eftir miðju byggingarlandinu endilöngu (Kringlumýri að austan og Flóðhólmseyri að vestan). Nær Eyrarvegi er aftur grynnra niður á hraunið og er þar aftur harðlendismóar.

Merki upp uppblástur sjást hér og þar á svæðinu. Gróin rofabörð eru við Hellurnar norðaustantil og suðvestantil eru flög þar sem myri og harðlendi mætast.

Þar sem land þetta hefur fyrst og fremst verið nytjað til beitar, er þar ekki að vænta fjölbreytilegra fornleifa. Fornra bygginga er helst að vænta á harðlendinu, meðfram Ölfusá annarsvegar og Eyrarvegi hinsvegar. Á þessum svæðum eru líka einu tóftirnar, stekkur (ÁR-217:033) á bakka Ölfusár, og Sauðhús (ÁR-217:035) skammt norðan við Eyrarveg. Litlar líkur eru á að aðrar rústir leynist á þessum

svæðum, jarðvegur er þar víðast of grunnur til að mannvirkjaleifar séu alveg huldar. Þó hefur sumstaðar safnast jarðvegur á árbökkunum sem berst frá Ölfusá og er ekki óhugsandi að byggingar hafi þar orpist mold þannig að ekki sjáist tangu né tetur af þeim, en ekkert sérstakt bendir þó til þess. Í mýrlendinu á miðju byggingasvæðinu er heldur ekki að vænta byggingaleifa – þar eru hvergi skynsamleg hússtæði.

Fyrir utan mannvirkjaleifar voru skráðar tvær fornleifar sem tengjast samgöngum, Ölhóll, áningarstaður við Ölfusá, og Hellur, en þar sáust spor í hraunklöppina eftir hófa lestarhesta á leið til og frá Eyrarbakka. Þá eru Huldufólksklettar á bakka Ölfusár og á tveimur stöðum eru skotbyrgi gerð af herliðinu á árum Seinni heimsstyrjaldarinnar – annað byggt á rústum stekkjarins.

4. kafli. *Fornleifar á fyrirhuguðu athafnasvæði*

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar á fyrirhuguðu athafnasvæði. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún er í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverjum minjastað gefin kennitala sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-217:001). Í skránni eru allir þeir fornleifastaðir sem vitað er um á framkvæmdasvæðinu og falla undir skilgreiningu þjóðminjalaga um hvað telst til fornleifa. Einnig eru skráðar upplýsingar um leifar sem teljast hafa minjagildi þó þær séu yngri en 100 ára. Upplýsingar um hvern stað eru settar fram á staðlaðan hátt : fyrst kemur kennitala staðarins í gagnagrunni Fornleifastofnunar, staðarheiti þar sem um slíkt er að ræða, tegund fornleifar, hlutverk og hnattstaða í gráðum og mínumútur. Þar næst kemur tilvitnun í heimild ef einhver er, lýsing á staðsetningu, aðstæðum og að lokum aðrar upplýsingar, hættumat og heimildaskrá. Í niðurstöðukafla verður fjallað nánar um þá staði sem líklegt er að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa áhrif á en hér er gefið yfirlit um menningarminjar á framkvæmdasvæðinu.

ÁR-217:032 Hellur heimild um leið

65°35.188N 21°01.093V

"Þegar farið var frá Selfossi vestur með á, var farið um Hellurnar, sléttar hellur skammt fyrir utan túnið. Þær standa nokkuð hátt .. enda við Stekkjarlæk .." segir í örnefnalýsingu.

Hellurnar eru helluhraunsklappir sem standa upp úr móanum vestan við Selfossbæ.

Þær byrja um 150 m vestan við túngarðinn, um 150 m sunnan við árbakkann, og ná að Stekkjarlæk á 70-100 m bili.


Helluhraunsklappir, að mestu grónar, valllendi í kring.

Tröndur voru reistar á Hellunum um 1970 næst bænum og sjást grjóthrúgur því tengdar enn. Af þeim sökum safnaðist jarðvegur á Hellurnar og eru þær nú að stærstum hluta grónar en voru berar áður.

Þá sá móta fyrir grunnum rásum í þeim þar sem alfaraleiðin var.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Saga Selfoss I, 28



ÁR-217:033 Stekkjarlækur tóft

stekkur 63°56.170N

21°01.356V

"Hellurnar [sbr. 032] enda við Stekkjarlæk, rauðleitar sytrur úr Kringlumýri ... Skammt fyrir norðan hann er Stekkurinn alveg á árbakkanum undir háum kletti. Þar sér enn marka fyrir líttill kró fyrir lömbin, sem notuð var um fráfærur." Stekkurinn er norðanundir einum af veststu Huldufólksklettunum, um 100 m austan við Stekkjarlæk, á volitlum stalli á árbakkanum, um 2m frá brún.

Undir hraunstrýtu á árbakka og er bratt niður af ofaní á. Í kring eru vallendismóar með hraunhrúgöldum.

Stekkurinn er mjög sokkinn og sést aðeins sem einföld steinaröð í grasróttinni þar sem veggirnir hafa verið. Fast vestan við stekkinn er mun greinilegri tóft, skýr og upphlaðin úr hraungrýti

(mögulega tekið úr stekknum), 5x3 m að utanmáli. Engin skýr inngangur. Sú tóft var gerð af herliðinu í Seinni heimsstyrjöld og mun vera skotþyrgi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Saga Selfoss I, 28

ÁR-217:034 Huldufólksklettar huldufólksbústaður 63°56.182N 21°01.300V

"Á árbakkanum norður undir Ræsinu og vestur af Hellunum eru Huldufólksklettar, einkennilegir, dreifðir hraunklettar með hörðu valllendi á milli þeirra. Þar voru sagðir bústaðir huldufólks. Einn þessara kletta var Huldufólkskirkjan." segir í örnefnalýsingu. Huldufólksklettar eru á bakka Ölfusár á um 200 m kafla, norðan við Hellurnar. Austast á þessu svæði, um 150 m vestan við túngarðinn, var kálgarður á þessari öld. Stekkurinn 033 er undir einum af vestustur klettunum.

10-15 stakir hraunhólar á valllendisárbakka.

Huldufólkskirkjan var austast í röðinni, steinstrýta sem nú er komin á kaf í jarðveg úr ánni.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Saga Selfoss I, 29

ÁR-217:035 Sauðahúsin tóft


fjárhús

63°55.890N 21°01.310V

"Suðaustur af flóðinu voru Sauðahúsin, þar sem Gunnar Einarsson hafði sauði sína og sjást tæturnar vel." segir í örnefnalýsingu.

Tóft Sauðahúsa er um 150 m norður af Eyrarvegi, um 200 m austar en vestasta húsið sunnan við veginn. Á sléttum móa. Norðan og austan við er myrlendi (Flóðholsmýri) en sunnan og vestan við er harðlendara og þar hefur verið ræktað tún upp að tóftinni á þessari öld, sem nú er þó komið í órækt

Skýr tóft sem tendur vel á hárrí rústabungu. Tóftin er með breiðum veggjum (1,5-1,5 m) og standa hleðslur vel, einkum í fjárhúsini. Það er einfalt, aðeins um 2m á breidd, með dyr til suðurs. Hlaðan inn af er breiðari og dýpri og hafa veggir hennar sigið meira inn. Þessi hús voru fallin í tóft í byrjun 4. áratugs 20. aldar en munu hafa verið



í notkun á seinni hluta 19. aldar en þá á kerling ein á bænum að hafa borið hey í laup á baki sér í sauðina eftir að heyið var uppurið í hlöðunni.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Saga Selfoss I, 29

ÁR-217:036 Ölhóll heimild um áningarástað 63°56.035N 21°01.567V

"Skammt fyrir framan Stekkinn er Ölhóll, alveg úti á árbakkanum fyrir norðan Sandvikið, sem markar land Selfoss austur í Kerhól. ... Sunnan í Ölhól er gróin sléttu. Það var gamall siður þeirra, sem komu ríðandi um nesbrú frá Eyrarbakka, að á við Ölhól, stíga þar af bki og hressa sig. Supu menn þá oft drjúgum á hinu fræga Bakkabrennivíni, áður en þeir lögðu aftur upp, og voru orðnir góðglaðir, þegar þeir riðu í hlað á Selfossi." segir í örnefnalýsingu. Ölhóll er fremst á árbakkanum um 300 m vestan við stekkinn 033 og um 70 m austan við Fremri-Læk.

Breiður, stakur hraunhóll með hundaþúfu. Hann er vestasti hraunhóllinn af mörgum á stóru svæði vestan við Selfossbæ.

Meðfram hólnum að sunnan eru götupaldrar, sem sumstaðar eru komnir í bíslóð, en má rekja með gloppum austur á Hellur.

Heimildir: Saga Selfoss I, 29

ÁR-217:039 tóft herminjar 63°56.019N 21°01.338V

Lítið skotbyrgi er uppi á Flóðhól, sem er SSA við Flóðið (Flóðhólsflóð) sem er sunnar og austar af tveimur tjörnum, og er sú svestari Fremra Flóð.

Mýrlendi í kring. Af hólnum er mjög víðsýnt þó hann sé ekki hár.

Hringlaga byrgi, um 3,5 m í þvermál, grafið niður í kollinn á flötum hól og hefur uppmoksturinn verið settur á brúnina og þannig gerður lágor veggur úr mold og torfi. Hann er hlaðinn upp að hundaþúfu. Rof er í brúnum veggjanna að innan og eru þeir orðnir efnislitlir.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

5. kafli. Niðurstöður

- Athugunarsvæðið er gamalt beitiland frá jörðinni Selfossi.
- Svæðið skiptist í harðlendismóa og mýrarsund á milli
- Á svæðum sem þessum eru litlar líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við jarðrask.
- Sex fornleifastaðir voru skráðir á svæðinu.
- Á tveimur stöðum eru mannvirkjaleifar, stekkur og Sauðhús og eru þau síðarefndu á rústabungu sem bendir til að þar hafi byggingar staðið lengi.
- Einnig eru minjar um hina fornu þjóðleið á Eyrarbakka og eru þær mikilsverðar í samhengi við samgöngusögu Íslands
- Heimildir eru um huldufólksbyggð í sérkennilegum klettum á bakka Ölfusár.
- Merki um veru herliðsins á stríðárunum er einnig að finna á svæðinu.
- Miðað við fyrirliggjandi hugmyndir um skipulag svæðisins munu hlemingur staðanna (Ölhóll, stekkur, Huldufólksklettar) vera á svæði því meðfram Ölfusá sem ekki verður byggt á.
- Sauðhúsin lenda hinsvegar inni á byggingarlandi og er nauðsynlegt að taka tillit til þess í skipulagi byggðarinnar svo að við þeim verði ekki hróflað.
- Austan við stekkinn liggja götupaldrarnir inn í landið, inn á fyrirhugað framkvæmdasvæði og eftir Hellunum að túngarði á Selfossi. Þessar minjar gætu því horfið við fyrirhugaðar framkvæmdir.
- Skotbyrgi á Flóðhóli nýtur ekki verndar þjóðminjalaga og hefur lítið minjagildi.

6. Heimildir.

Guðmundur Kristinsson: *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*, Selossi 1991.

Símon Jónsson: *Skrá yfir örnefni á Selfossi* (skr. 20.3.1913), Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort af Selfossi, (3 blöð), Þjóðskjalasafn Íslands

